

áfall. Virðast þau mótmæli á rökum byggð, og þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 1000.00.

Um 4. Stefnandi var 68 ára gamall, er slysið varð. Hann var ásamt aldraðri konu sinni, sem nú er látin, í húsmennsku og ekki fullkominn verkmaður sökum aldurs og slits. Framfæri sitt hafði hann af nokkrum skepnum, er hann hirti og heyjaði fyrir. Hafa tekjur hans því verið mjög lágar. Þykir því tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega metið kr. 4500.00.

Um 5. Með tilvísun til þess, sem segir um kröfulið 4, og með tilliti til þess, að ekki liggur fyrir örorkumat og ekki er útilokað, að stefnanda kunni eitthvað að batna, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 12000.00.

Telst tjónið af umræddu slysi þannig hafa numið kr. 17560.00, sem stefnda ber að greiða stefnanda auk málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Holger P. Gíslason, greiði stefnandanum, Benedikt Sigfússyni, kr. 17560.00 með 5% ársvöxtum frá 30. júní 1944 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. október 1946.

Kærumálið nr. 15/1946. Ásgrímur Albertsson
gegn

Erlendi Þorsteinssyni.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ómerking úrskurðar.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur upp kveðið hinn kærða úrskurð.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi bæjarfógeta Siglufjarðar, dags. 25. f. m. og hingað komnu 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Siglufjarðar 19. f. m., þar sem sóknaraðilja er synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hefur borizt greinargerð frá sóknaraðilja.

Krefst hann þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og honum veittur nægilegur frestur til vitnaleiðslu í málinu. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í kærumálinu.

Í blaðagrein þeirri, sem í úrskurðinum getur, bar sóknaraðili varnaraðilja það á brýn, að hann hafi keypt og fengið innfluttan sykur frá Ameríku handa sænskum sildarkaupmönnum og látið hagsmuni þeirra sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum Sildarútvegsnefndar, er hann starfaði fyrir.

Á dómpingi 9. maí þ. á. lýsti varnaraðili yfir því, að tveir nafngreindir menn í Sildarútvegsnefnd, atvinnumálaráðherra og einhver úr Viðskiptaráði hefðu verið ásáttir um að greiða fyrir sykurlinnflutningnum, er hann hefði rætt við þessa aðilja um það efni.

Á dómpingi þessu var öflun gagna talið lokið og dagur til til munnlegs málflutnings ákveðinn. Er flytja skyldi málið munnlega, æskti sóknaraðili 4 vikna frests til þess að fá skýrslu ofangreindra aðilja fyrir dómi. Vitnaskýrslur þeirra gátu skipt máli um sakarefnið, og bar því dómaraðil þegar 9. maí að benda sóknaraðilja á það og spyrja hann, hvort hann vildi kveðja þá vættis. Ekki verður séð, að dómarrinn hafi leiðbeint sóknaraðilja, sem er ólöglærður, um þessi atriði, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Af þessu leiðir, að sóknaraðili hafði ekki fyrirgert rétti til frests þess, sem hann bað um 23. maí þ. á. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Erlendur Þorsteinsson, greiði sóknaraðilja, Ásgrími Albertssyni, kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 19. september 1946.

Aðiljar málsins eru Erlendur Þorsteinsson, framkvæmdarstjóri Sildarútvegsnefndar, Siglufirði, sem stefnandi, sem stefndi Ásgrimur Albertsson gullsmiður, Siglufirði, við málshöfðunina ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins Mjölnis.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 14. febr. s. l., og málið þingfest 21. febr. 1946, en samkvæmt stefnunni stefnir stefnandi stefnda fyrir átalín ummæli í grein blaðsins Mjölnis, er kom út 23. jan. 1946 í Siglufirði með fyrirsögninni „Fáheyrt hneyksli“, til refsingar fyrir ummælin, til ómerkingar ummælanna og til greiðslu bóta fyrir mannorðsspjöll þau, er ummælin valdi.

Við þingfestingu málsins 21. febr. s. l. lagði stefnandi fram greinargerð af sinni hálfu. Það stefndi svo um frest í málinu til 9. maí og fékk hann, og lagði dómarrinn um leið og hann veitti frestinn ríka áherzlu á það við stefnda, að hann notaði hann vel til gagnaöflunar og að málinu yrði hraðað sem mest, að hægt væri, og viðurkennir stefndi það. 9 maí leggur stefndi svo fram greinargerð af sinni hálfu og spyr stefnanda aðiljaspurningar, sem hann hann fær svarað. Svo langt frá því að biðja þá um frest til vitnaleiðslu, sem vannotkun stefnda á þegar veittum löngum fresti bendir til, að ekki hefði fengið gegn mótmælum andaðiljans, samþykkir stefndi með stefnanda, að öflun gagna skuli lokið, og með stefnanda biður um sameiginlegan frest til 23. maí til þess að flytja málið. Var þá frestur veittur. Bókun réttarhaldsins 9. maí s. l. ber með sér, að stefndi hefur eigi þá beðið dómarrann um frest til vitnaleiðslu, enda gerði stefndi það ekki. Málavextir stefnda til nýs frests 9. maí til vitnaleiðslu hefðu og verið þeir, að stefndi hafði ekkert notað hinn langa frest frá 21. febrúar til 9. maí, sem stefndi hefur viðurkennt, að dómarrinn hafi áminnt hann um að nota vel til gagnaöflunar.

Stefnda var innan handar fyrir 9. maí að hafa leitt þau vitni, er hann vildi leiða og hann taldi til styrktar sínum málstað, en þegar hann hirðir eigi um slíkt og það þrátt fyrir áminningu og leiðbeiningu dómarrans um að nota vel frestinn, hlýtur slík vannotkun langs frests að leiða til, að stefndi nú getur eigi fengið nýjan frest til þess að leiða vitni um þau atriði, er hann hefði getað fyrir 9. maí hafa leitt.

Því úrskurðast:

Stefnda, Ásgrimi Albertssyni, verður eigi gegn mótmælum stefnanda veittur frekari frestur til vitnaleiðslu í máli þessu.